

Nr. 045 / 14 Nonni GK 129**Stjórnvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6634
Smíðaður: Flateyri 1985, plast
Stærð: 2,6 brl. 2,8 bt.
Mesta lengd: 7,02 m Skráð lengd: 6,57 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta 148 kW, 1996
Fjöldi skipverja: 2



Nonni©Geir Ágústsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasoni, Hilmari Snorrasoni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. maí 2014 var Nonni GK 129 á siglingu í Miðnessjó á landleið til Sandgerðis. Veður: SV 10 m/sek.

Þegar komið var upp undir Hvalsnes varð báturinn stjórnvana og í ljós kom að stýrisbarki hafði slitnað. Þar sem báturinn var búinn hældrifi tókst ekki að útbúa neyðarstýri og óskað var eftir aðstoð. Kópur GK 158 dró Nonna til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að tveimur dögum fyrir atvikið þegar verið var að bakka bátnum hafði teinn sem átti að læsa drifið niðri ekki virkað með þeim afleiðingum að hældrifið, ásamt klafanum sem heldur því niðri, kastaðist harkalega upp. Við þetta hafði stálpráðurinn í stýrisbarkanum tagnað svo mikið að afstaða stýrishjólsins breyttist og hann síðan slitnað þar sem meira reyndi á stýrisbúnaðinn á siglingu við þetta;
- að ekki tókst að útbúa neyðarstýri því drifið lagðist bara í annað borðið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur stjórnendur báta með svona búnað að huga vel og reglulega að ástandi hans.